

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningu rafmagnsstrengjar í Aðaldal í Þingeyjarsveit, frá Mýlaugsstöðum til Garðs.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2020/11



Forsíðumynd: Hólar með tóftum á, mynd tekinn í suð-austur á Syðra-Fjalli.



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/11

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	17
HEIMILDASKRÁ.....	18

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs. Framkvæmdasvæðið nær frá Mýlaugsstöðum til Garðs í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Verkefnið er á áætlun sumarið 2021. Skráningin fór eftir uppmælingar gögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í seinni hluta September 2020. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum og landeigendum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leyfi til þess að ganga um landið. Til var skýrsla þar sem Fornleifastofnun Íslands hafði tekið saman allar ritaðar heimildir um menningarminjar á svæðinu en ekki hafði farið fram nein vettvangsskráning.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2560.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2016 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Ísland, vefsíða Þingeyjarsveitar og skýrslu um svæðisskráningu. Ásamt vettvangssrannsókn á því svæði sem fyrirhugað er að leggja jarðstrenginn.

Þær minjar sem fundust eða voru innan 15 m frá framkvæmdasvæðinu, voru hnitsettar (ÍSN93). Upplýsingar skráðar um þær, staðir ljósmyndaðir og mældir upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2016. Einnig var reynt eftir bestu getu að staðsetja á korti þá staði sem heimildir voru til um að menningarminjar hefðu verið á.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Fornleifaskráning

Mýlaugsstaðir:

Ekki fundust neinar sýnilegar fornleifar né var hægt að tengja neinar heimildir um minjar við framkvæmdasvæðið á Mýlaugsstöðum.

Syðra-Fjall:

Fornleifanúmer: 2560-01

Hnit: A572239.1 N593837.7 ISN93

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Vörðuhóll, næstur túni og hæstur, hefur verið afmáður að miklu leyti vegna malartöku og fleiru þar í kring.“⁸ Hóllinn hefur verið sunnan við heimreiðina að Syðra-Fjalli áður en hún beygir til norðurs um það bil 280 m í suð-austur frá íbúðarhúsinu á Syðra-Fjalli 1. Ekki var hægt að sjá neinn áberandi stóran hól þar né merki um vörðu.

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁸ Hildur og Sædis, 2001, bls. 274.

Fornleifanúmer: 2560-02

Hnit: A572204.7 N593984.6 ISN93

Hlutverk: Steinhleðsla

Tegund: Garður

Í kringum 120 m í suð-austur frá íbúðarhúsinu á Syðra-Fjalli 1 eru leifar af steinhlöðnum túngarðinum austan megin við heimreiðina. Garðurinn liggur í um 51 m frá heimreiðinni í austur og beygir svo til norðurs. Hann var þó ekki jafn greinilegur á norðurhlutanum. Ekki var hægt að greina hann vestan við heimreiðina. Hæð garðsins var 0,2-0,5 m og breidd í kringum 0,3-0,4 m.



Mynd 1. Steinhlaðinn túngarður, mynd tekinn í austur.

Fornleifanúmer: 2560-03

Hnit: A572170.0 N593987.9 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Stígar frá Kvíabóli, austan túns, fram fyrir túnið og suðvestur í fjallið.”⁹ Ekki var hægt að sjá þessa stíga á staðnum eða loftmyndum. Var sett hnit á þá samkvæmt gögnum frá Landmælingum Íslands.

Fornleifanúmer: 2560-04

Hnit: A572185.2 N593997.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 105 m suð-austur af gamla íbúðarhúsinu á Syðri-Fjalli var útihús samkvæmt túnakorti. Ekki sást til tófta í túnjarðri.

Fornleifanúmer: 2560-05

Hnit: A572149.0 N594014.0 ISN93

⁹ Hildur og Sædis, 2001, bls. 274.

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Klöpp, háir melhólar með djúpum skálum, voru og eru enn að nokkru beint suður af bænum. Klöppin er vestan í þeim hæsta, rúmlega mannhæðar há og skúti undir, skjól í norðan- og norðaustanátt og aðalleikstaður barna fyrr og síðar í námunda við bæ.”

Kletturinn er um 200 m suður af íbúðarhúsinu á Syðra-Fjalli 1 skútinn snýr í vestur og er rými fyrir fullorðinn mann að liggja í honum.



Mynd 2. Skútinn í klöppinni, mynd tekinn í norð-austur.

Fornleifanúmer: 2560-06

Hnit: A572157.5 N594109.7 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Íbúðarhúsið á Syðra-Fjalli 1 var byggt 1914¹⁰ en á Syðra-Fjalli 2 var íbúðarhús byggt 1929.¹¹ Er því gengið út frá því að íbúðarhúsið á túnakortinu sé sama og stendur enn í dag á Syðra-Fjalli.

Fornleifanúmer: 2560-07

Hnit: A572145.1 N594092.9 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Fast suð-vestur við íbúðarhúsið var sáðreitur samkvæmt túnakorti. Þar er nú garður með trjám.

Fornleifanúmer: 2560-08

Hnit: A572161.0 N594085.9 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Fast suð-austur við íbúðarhúsið var sáðreitur samkvæmt túnakorti. Þar er nú garður með trjám.

¹⁰ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 554.

¹¹ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 555.

Fornleifanúmer: 2560-09

Hnit: A572097.9 N594173.6 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Samkvæmt túnakortinu var útihús um 145 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Fjalli 1. Við vettvangskönnun var hár hóll skammt norðan við þá staðsetningu. Gróðurfarið í nágrenni hólansins var töluvert grófara heldur en á honum. Í norðurenda hans voru leifar af hleðslum og virtist líka móta aðeins fyrir þeim í austurhluta hólansins. Hæð hleðslanna voru 0,1-0,25 m á hæð og þykkt veggja um 0,4 m.



Mynd 3. Leifar af hleðslum á hólum, mynd tekinn í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2560-10

Hnit: A572118.9 N594330.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 200 m beint norður af íbúðarhúsinu á Syðri-Fjalli 2 eru mjög greinilegar tóftir af útihúsi. Tóftirnar eru um 17 m á lengd og 13 m á breidd. Hleðsluhæð veggja er 0,4-1,2 m. Tóftin virðist saman standa af tveimur hólum og tvö op á henni í vestur og austur enda hennar. Í örnefnaskrá segir: “Miðhús, hlöðuhús og kofahús, voru rifin milli 1910-20 og tvístætt hús byggt á rústum þeirra. Garðar lágu frá norðri til suðurs, dyr yzt á hvorum hliðarvegg, hlaða sunnan við, tók um 100 hesta og húsin 90- 100 fjár. Hlaðan járnþakin og hallaði því suður, torfþak áhúsunum og reyndist illa. Féll það inn um 1940, og eru þar nú rústir einar.”¹² Samkvæmt örnefnavefsjá Þingeyjarsveitar er þetta Miðhús, passar það ágætlega við að rústirnar virðast ekki vera mjög fornar.

¹² Hildur og Sædís, 2001, bls. 271-272.



Mynd 4. Tóftir af útihúsi, mynd tekinn í suður.

Fornleifanúmer: 2560-11

Hnit: A572103.7 N594382.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 230 m norð-vestur af íbúðarhúsinu Syðra-Fjalli 2 eða 30 m norð-vestur af tóft 06 var önnur útihúsartóft. Hún er staðsett á hól og virðist vera mjög niðurgrafinn. Ekki var hægt að sjá útgang á henni en hún virðist vera skipt upp í tvö hólf. Hleðsluhæðin var 0,6-1,90 m á hæð og breidd veggja um 1,4 m. Lengd tóftarinnar var um 23 m og breidd um 8 m. Í örnefnaskrá segir: “Nýhús austur af [Yzthúsi] er suðvestur af [Næðingi] á hraunhólaklasa þeim, sem er yzt í túni... Byggt nálægt úr 1880, þá er fjárbrú Þ.G. tók að vaxa. Rúmaði um 50-60 fjár, fimm stafgólf. Króarbreiðara en hin eldri, nema [Arahús], og reisulegra. Hlaða norðan við. Þak hennar var endurnýjað stuttu eftir aldamót og þá úr bárujárnri og mun hafa verið eitt hið allra fyrsta á útihúsi hér í sveitinni.”¹³

-



Mynd 5. Niðurgrafnar tóftir á hól, mynd tekinn í suður.

¹³ Hildur og Sædís, 2001, bls. 271.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Vestur af tóft 07 upp á háum hól eru fleiri tóftir. Nyrst á hólnum er mjög greinileg tóft með op í austur enda. Hæð veggja er 1,1-2 m og breidd veggja um 1,5 m. Við suður vegginn var smá upphækkun um 0,2 m gæti verið leifar af jötu. Tvö önnur mannvirki virðast vera upp á hólnum sunnan við rústina. Það fyrra er með hleðsluhæð frá 0,1-0,3 m og það syðsta 0,1-0,2 m. Ekki var hægt að sjá op á þessum mannvirkjum. Í örnefnaskrá segir: “Yzthús við túngarðinn og skurðinn fast upp við fjallið norður af Arahúsi, á löngum hólrana. Þar munu hafa verið fornar byggingar. Þetta var um aldamót mikil húsalengja. Yzthúsið sjálft syðst, mjög þokkalegt hús, enda stóð það hæst allra húsa. Tók um 50 lömb. Þá var hlaða norðan hússins og þar norður frá voru tveir kofar, sem óglöggt er um. Þessi hús voru á búi S.E., þó þau stæðu í túni J.Þ., en þegar Arahúsið var endurreist, voru þau öll rifin. Síðar var hesthúskofi byggður þar og hefur staðið til fárra ára.”¹⁴ Í vefsíðu Þingeyjarsveitar er þessi hóll kallaður nú Hesthúshóll.



Mynd 6. Tóft nyrst á hólunum, mynd tekinn í suð-vestur.

¹⁴ Hildur og Sædís, 2001, bls. 271.



Mynd 7. Leifar af eldri hleðslum, mynd tekinn í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2560-13

Hnit A572125.1 N594448.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 330 m í norður frá íbúðarhúsinu á Syðri-Fjalli 2 eru tóftir. Á fyrri tóftinni eru tvö op í austur og vestur. Hæð á veggjahleðslum er 0,8-1,10 m inn í rústinni og tengist hún garðlagi sem liggur í norð-austur. Við vestur endann á tóftinni er nokkurs konar aðhald og op í norður. Þar er hleðsluhæðin töluvert lægri eða um 0,3-0,6 m. Líklegt er að þetta sé sem var kallað Næðingur í örnefnaskrá: “Næðingur, húsakofi á samnefndum hól yzt í túninu. Byggður á dögum Þ.G. og tók um 20 kindur. Dyr á austurstafni og heytóft er hið eina sem enn stendur af veggjum af öllum þeim húsum, sem að framan eru talin. Vinnum. Jóh.Þ. fyrst Þórir Sveinbjarnarson og síðar Kristján Sigvaldason höfðu þetta hús fyrir fé sitt á árabílinu 1907 til '14 eða svo.”¹⁵



Mynd 8. Tóft mynd tekinn í norð-austur.

¹⁵ Hildur og Sædís, 2001, bls. 271.

Fornleifanúmer: 2560-14

Hnit A572070.2 N594560.4 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Steinhleðsla

Í um 440 m norður af íbúðarhúsinu á Syðra-Fjalli 2 er steinhlaðinn garður. Garðurinn liggur frá vestri til austurs en beygir svo til suðurs þegar þegar líður á hann. Hæð garðisins er allt frá um 0,3-0,8 m og breidd um 0,3 m.



Mynd 9. Steinhlaðinn garður, mynd tekinn í vestur.

Ytra-Fjall:

Fornleifanúmer: 2560-15

Hnit: A572083.4 N594790.6 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Steinhleðsla

Í kringum 660 m í norður frá útihúsinu á Syðra-Fjalli 2 er merkjagarður á milli Syðri-Fjalls og Ytri-Fjalls. Garðurinn liggur frá vestri til austurs og sést hann mjög greinilega á loftmyndum. Hæð garðsins er allt frá 0,8-1,4 m. Breidd eitthvað um 0,3 m. Úr þessum merkjagarði liggur svo garður í norður meðfram skógarreitnum í eina 681 m og beygir svo í austur og virðist svo fjara út. Þessi hluti sást ekki jafnvel á loftmynd vegna þess að tréin skyggja á hann og var hann því mældur með gps tæki.



Mynd 10. Landamerkjagarður mynd tekinn í austur.

Fornleifanúmer: 2560-16

Hnit: A571943.8 N595712.7 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Steinhleðsla

Það er steinhlaðinn garður skammt sunnan við túnin á Ytri-Fjalli um 290 m fyrir sunnan gamla íbúðarhúsið á Ytra-Fjalli. Garðurinn liggur vestur-austur og er í beinni línunum um 150 m skiptist hann svo bæði í norður og vestur hluta. Hæð garðsins er allt frá 0,4-1,8 m og breidd um 0,3 m.



Mynd 11. Garðlag skammt sunnan við bæinn á Ytra-fjalli mynd tekinn í norð-austur.

Fornleifanúmer: 2560-17

Hnit: Á571899.2 N595895.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Samkvæmt túnakortinu þá var útihús um 90 m suður af íbúarhúsinu á Ytra-Fjalli 1. Á Ytra-Fjalli eru gamalt torfhús skammt austan við það. Hleðslurnar á húsinu voru allt frá 0,5-1,5 m. Það virtist vera skipt í fjögur hólf og voru alla vega tveir inngangar austan megin á húsinu í sitthvorum endanum. Ekki var hægt að skoða húsið að innan þar sem mikið af rusli var í hluta þess og í syðsta hlutanum var þak yfir því og lokuð hurð. Samkvæmt heimildarmanni þá voru þetta úthús og hluti þeirra mjög gamall hefur oft verið byggt á þessum stað.¹⁶



Mynd 12. Suðurveggur, mynd tekinn í norður.



Mynd 13. Tóftir af útihúsi, mynd tekinn í suð-vestur.

¹⁶ Indriði Ketilsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 2560-18

Hnit: A571900.7 N595970.4 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt ljósmynd í bókinni Byggðir og Bú þá stóð gamli bærinn fast suður við íbúðarhúsið á Ytra-Fjalli.¹⁷

Fornleifanúmer: 2560-19

Hnit: A571898.3 N595946.3 ISN93

Hlutverk: Sáðgarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðgarður fast sunnan við bæjarhúsin á Ytri-Fjalli. Þar er nú garður með trjám.

Fornleifanúmer: 2560-20

Hnit: A571930.6 N595959.3 ISN93

Hlutverk: Sáðgarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðgarður austan við gamla bæinn þar er nú bílaplan.

Hafralækur:

Fornleifanúmer: 2560-21

Hnit: A571257.0 N597470.8 ISN93

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: “Þá er Jónasarvöllur, sem er afgirtur blettur í Hafralækjarmó við þjóðveginn.... Grettistak er þar suður af og svo Kvíaklettur.”¹⁸ Samkvæmt örnefnavefsjá Þingeyjarsveitar er Kvíaklettur í túni um 270 m suðaustur af íbúðarhúsinu.

¹⁷ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 553.

¹⁸ Hildur og Sædís, 2001, bls. 236-237.

Fornleifanúmer: 2560-22

Hnit: A571126.9 N597651.6 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Samkvæt túnakorti voru útihús um 75 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Hafralæk. Aðeins 5 m austan við þá staðsetningu voru leifar af útihúsi nokkuð vel standandi á stórum hól. Húsið var ennþá með þaki sem var byrjað að falla inn. Hæðst var það um 2,6 m á stafninum og op var í vestur. Torfhleðslurnar voru um 0,4-0,6 og breidd veggja um 0,6 m. Annað mannvirki virtist vera fast sunnan við húsið og voru veggjahleðslur þar aðeins 0,2-0,4 m. Lengd byggingarinnar var um 6 m og breidd 4 m. Samkvæmt heimildarmanni var byggður reykkofi á staðnum 1930 og voru þá eldri tóftir sunnan við hann. Við byggingu reykkofans fundust járnleifar og var því talið að eldri tóftirnar hafi verið leifar af smiðju.¹⁹



Mynd 14. Torfhús mynd tekinn í suð-austur.

Fornleifanúmer: 2560-23

Hnit: A571152.8 N597731.4 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt heimildarmanni þá er bærinn byggður á gamla bæjarstæðinu.²⁰

Fornleifanúmer: 2560-24

Hnit: A571154.5 N597712.8 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Fast sunnan við íbúðarhúsið var sáðreitur samkvæmt túnakortinu, þar er nú garður fyrir íbúðarhúsið.

Fornleifanúmer: 2560-25

Hnit: A571124.3 N597847.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

¹⁹ Jónas Konráð Ásgrímsson, munnleg heimild.

²⁰ Jónas Konráð Ásgrímsson, munnleg heimild.

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu var útihús um 110 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Hafralæk. Engar leifar fundust af því í túnjaðri.

Garður:

Í örnefnaskrá segir “Bæjarhóll er malarhóll nyrzt í túni norður frá bæ.”²¹ Samkvæmt heimildarmanni þá var malarhóllinn þar sem rúllustæða stendur í dag. Í kringum 80 m norður af íbúðarhúsinu á Hjarðarbóli.²²

Fornleifanúmer: 2560-26

Hnit: 570969.2 598651.8 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðreitur og samkvæmt því ætti hann að vera um 150 m suður af íbúðarhúsinu á Hjarðarbóli. Ekkert sést af honum í miðju túni.

Fornleifanúmer: 2560-27

Hnit: A570981.5 N598668.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá var útihús 40 m suður af íbúðarhúsinu á Hjarðarbóli, ekkert sést af því í miðju túni.

Fornleifanúmer: 2560-28

Hnit: 570940.6 598846.1 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðreitur um 20 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Hjarðarbóli ekkert sést af honum í túnjaðri.

Fornleifanúmer: 2560-29

Hnit: A570935.1 N598856.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Útihús var staðsett á túnakortinu var útihús um 35 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Hjarðarbóli, ekkert sést af því á túnjaðri.

Fornleifanúmer: 2560-30

Hnit: A570906.5 N598922.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús um 30 suð-austur af íbúðarhúsinu á Garði, ekkert sést af því í heimreið.

Fornleifanúmer: 2560-31

Hnit: A570921.6 N598955.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 40 m beint austur af íbúðarhúsinu á Garði var útihús samkvæmt túnakortinu, ekkert sást í sléttu túni.

²¹ Hildur og Sædís, 2001, bls. 222.

²² Guðmundur Skarphéðinsson, munnleg heimild.



Nafn	Mýlaugsstaðir - Garður	Dags.	30.12.2020 hj	Skýringar:	Fornleifar og heimildir um fornleifar sem eru nærri fyrirhuguðum rafmagnsstreng sem Rarik áformar um að leggja frá Mýlaugsstöðum að Garði í Þingeyjarsveit.
	Þingeyjarsveit	Mælikv.	1:15000 í A3		



BÚGARÐUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI

Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr.

e538/e548/e549

/ gps mæl.

frá Loftmyndir ehf. 2016

5. Samantekt

Þrátt fyrir að jarðstrengurinn nái ekki yfir nema fimm jarðir þá var mjög mikið af heimildum um menningarminjar á þeim. Einnig var líka töluvert af sýnilegum minjum innan eða nærri friðhelgunarsvæðisins þegar gengið var um jarðirnar.

Svæðið norðan við byggingarnar á Syðri-Fjalli og alveg að landarmerkjum Ytra-Fjalli er sérstaklega ríkt af menningarminjum. Mikið af heimildum og örnefnum voru um mannvirki á því svæði og hefur í mörgum tilfellum verið byggt á eldri byggingum gegnum tíðina. Hafa því safnast saman upp mikið af mannvistarleifum á svæðinu. Töluvert fannst líka af fornleifum þegar farið var í vettvangskonun á svæðinu en mikill sinugróður var þó sem gerði leit erfiðari fyrir. Framkvæmdasvæðið liggur svo fimm sinnum í gegnum steinhlaðna garða sem hafa verið haldið við í gegnum tíðina. Þar sem mikið er um slíka garða á Syðri-Fjalli og Ytri-Fjalli og vandsamt verk að finna leiðir ef ekki á að fara í gegnum þá.

Aðra hluta leiðarinnar ætti að vera hægt að forðast að mestu leyti þær minjar sem eru á svæðinu eða heimildir eru um með því að hnika til langaleiðinni. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að fleiri minjar geti leynst undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. desember 2020.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Haukur Ingjaldsson, Jón Sigurðsson og Steingrímur Baldvinsson (ritnefnd). (MCMLXIII). Byggðir og Bú, aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum. Akureyri. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. (2001). Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal, Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands.

Heimildarmenn:

Guðmundur Skarphéðinsson, 1954, Garður, Þingeyjarsveit.

Hrefna Kristín Hannesdóttir, 1955, Syðra-Fjall 1, Þingeyjarsveit.

Indriði Ketilsson, 1934, Ytra-Fjalli. Þingeyjarsveit.

Jónas Konráð Ásgrímsson, 1964, Hafralækur II, Þingeyjarsveit.

Túnakort:

Garður, Aðaldælahreppur, Suður-Þingeyjarsýsla. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919.

Hafralækur, Aðaldælahreppur, Suður-Þingeyjarsýsla. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919.

Syðra-Fjall, Aðaldælahreppur, Suður-Þingeyjarsýsla. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919.

Ytra-Fjall, Aðaldælahreppur, Suður-Þingeyjarsýsla. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919.